



HRUNAMANNAHREPPUR

37. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 3. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. MARS 2021

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 4. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, framlengingu á yfirdráttarheimild. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Smiðjustígur 7. Kauptilboð.**

Oddviti kynnti kauptilboð sem barst í parhúsalóðina að Smiðjustíg 7 frá B.R. Sverrissyni ehf. Sveitarstjórn samþykkir kauptilboðið og felur sveitarstjóra að ganga frá öllum nauðsynlegum skjölum vegna sölu á eigninni.
- 2. Borgthor ehf: Umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku í landi Skollagrófar.**

Oddviti kynnti umsókn Borgthor ehf um framkvæmdaleyfi til efnistöku í landi Skollagrófar. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og beinir því til umsækjanda að setja málið í formlegan skipulagsferil hjá skipulagsfulltrúa UTU.
- 3. Tillaga að niðurfærslu krafna.**

Oddviti kynnti tillögu að óbeinni niðurfærslu skammtímakrafna, samtals að fjárhæð kr. 1.403.608. Sveitarstjórn samþykkir að afskrifa og færa niður skammtímakröfur að fjárhæð kr. 1.403.608.
- 4. Límtré Vírnet ehf: Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti sölu hlutabréfa í Límtré Vírnet ehf að nafnverði kr. 900.000. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti.
- 5. Tillaga minni sveitarfélaga um að efla og styrkja sveitarstjórnarstigið.**

Oddviti kynnti tillögu frá starfshópi tuttugu minni sveitarfélaga sem ætti til að koma í stað íbúalágmarks í frumvarpi til laga um styrkingu sveitarstjórnarstigsins.
- 6. Samþykkt um gatnagerðargjöld á Flúðum í Hrunamannahreppi. (Seinni umræða)**

Oddviti kynnti samþykkt um gjaldskrá gatnagerðargjalda á Flúðum til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir samþykkt um gatnagerðargjöld á Flúðum í samræmi við umræður á fundinum.
- 7. Reglur um lóðaúthlutun á Flúðum.**

Oddviti kynnti reglur um lóðaúthlutun á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að breyta 5. gr. reglna um lóðaúthlutun til samræmis við nýja samþykkt um gatnagerðargjöld á Flúðum.
- 8. Kvænnaathvarf: Ósk um rekstrarstyrk.**

Oddviti kynnti styrkbeiðni frá Kvænnaathvarfinu. Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að fjárhæð kr. 50.000 sem bókast á lið 0281.
- 9. Frárennsli og rotpró í Holtabyggð og reiðvegur með Langholtsvegi.**

Oddviti kynnti erindi vegna ástands rotpróar frá Holtabyggð og reiðvegi með Langholtsvegi. Sveitarstjórn bendir á að sveitarfélagið ber ekki á ábyrgð á fráveitumannvirkjum í dreifbýli en sér um losun þeirra. Sveitarstjórn felur veitustjóra/sveitarstjóra að vera í sambandi við landeiganda og upplýsa um stöðu mála. Sveitarstjórn tekur undir það með bréfitara að það þurfi að stefna að því að vinna með Vegagerðinni að reiðvegagerð með Langholtsvegi ásamt reiðveganefnd Smára og landeigendum.
- 10. Ruslamálaráðherra.**

Oddviti lagði til að Kristófer Ómar Emilsson verði skipaður sem ruslamálaráðherra 2021 og var það samþykkt.

11. **17. júní nefnd.**
Oddviti lagði til að Dagný Lilja Birgisdóttir verði skipuð í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt.
12. **Húsnæðismál íþróttahúss/skóla.**
Oddviti kynnti vinnu og hugmyndir frá Eyrúnu Margréti Stefánsdóttur, arkitekt um fyrstu útfærslur á breytingum á húsnæði íþróttahúss og skóla. Málið hefur verið lagt fyrir og kynnt fyrir Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og skólanefnd. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að vinna málið áfram með Eyrúnu arkitekt til að skoða alla möguleika í stöðunni og þarfagreiningu til frekari ákvörðunartöku.
13. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga.
14. **Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála.
15. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um áfengislög.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um áfengislög.
16. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um málefni innflytjenda (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um málefni innflytjenda (Móttaka flóttafólks og innflytjendaráð).
17. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um matvæli (sýklalyfjanotkun).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um matvæli.
18. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008. Sveitarstjórn vísar málinu til kynningar í skólanefnd.
19. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um hafnalög. (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um hafnalög.
20. **Stjórnskipunar og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur). Sveitarstjórn telur ekki æskilegt að lækka kosningaaldur og að með tilkomu m.a. ungmennaráða hafi ungmenni tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
21. **Næsti fundur sveitarstjórnar**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 8. apríl nk. kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

22. **Öldungaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð 22. fundar frá 15. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar öldungaráðs frá 15. febrúar s.l. Þar var fjallað um fyrirhugaðar breytingar á húsnæði í kjallara Heimalands, afslátt eldri borgara á fasteignagjöldum, samtal við félagsmálastjóra og tæknilæsi. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
23. **Veitustjórn. Fundargerð 26. fundar frá 15. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 26. fundar veitustjórnar frá 15. febrúar s.l. Þar var fjallað um viðaukasamning við vatnssölusamning milli Hrunamannahrepps, Hitaveitu Flúða og Flúðaorku ehf og endurnýjun á samningi milli Hrunaljóss og TRS. Þá var farið yfir verklegar framkvæmdir vegna hitaveitulagnar frá Kópavatni, vatnstank í Berghylsfjalli, endurnýjun á styrktarsamning við körfuboltadeild UMFH og Hitaveitu Flúða og kaldavatnstengingar við Sandlækjartorfunu. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við vatnssölusamning við

- Flúðaorku og endurnýjun á samningi Hrunaljóss og TRS og felur sveitarstjóra og veitustjóra að undirrita þá en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
24. **Skólanefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 18. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 18. febrúar s.l. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra, fjallað um athugasemdir vegna útfærslu á styttingu vinnuvikunnar og dag leikskólans, 6. febrúar s.l. Sveitarstjórn tekur undir með skólanefnd að breyting á styttingu vinnuvikunnar hafi komið seint fram og biðst velvirðingar á því. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
25. **Skólanefnd: Fundargerð 14. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 18. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 18. febrúar s.l. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, kynnt hugmyndir að húsnæðismálum og fjallað um væntanlegan fund með skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla. Þá var farið yfir fréttir af skólafundi, erindi frá samtökum grænkera á Íslandi og skýrslu HES. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árneshóla og Flóahrepps:

26. **Fundargerð 211. fundar skipulagsnefndar frá 10. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 211. fundar skipulagsnefndar frá 10. febrúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 22. Syðra-Langholt 2A: Vegsvæði, stofnun lóðar.
Lögð er fram umsókn frá Direktu lögfræðisþjónustu fh. Vegagerðarinnar og landeigenda er varðar stofnun vegsvæðis úr landi Syðra- Langholts 2A La 1, L200984 í Hrunamannahreppi vegna endurbyggingar Auðsholts- og Langholtsveggar. Heildarstærð er 1.612 fm.
Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun vegsvæðisins skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.
Mál nr. 23. Syðra-Langholt 3: Vegsvæði, stofnun lóðar.
Lögð er fram umsókn frá Direktu lögfræðisþjónustu fh. Vegagerðarinnar og landeigenda er varðar stofnun 16.862 fm spildu úr landi Syðra-Langholts 3 L166820 í Hrunamannahreppi vegna endurbyggingar Auðsholts- og Langholtsveggar. Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun vegsvæðisins skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.
Mál nr. 24. Syðra-Langholt 2: Vegsvæði, stofnun lóðar.
Lögð er fram umsókn frá Direktu lögfræðisþjónustu fh. Vegagerðarinnar og landeigenda er varðar stofnun 57.564 fm vegsvæðis úr landi Syðra- Langholts 2 L166818 í Hrunamannahreppi vegna endurbyggingar Langholtsveggar.
Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun vegsvæðisins skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.
Mál nr. 25. Holtabyggð 110: Vegsvæði, stofnun lóðar.
Lögð er fram umsókn frá Direktu lögfræðisþjónustu fh. Vegagerðarinnar og landeigenda er varðar stofnun 57.564 fm vegsvæðis úr landi Holtabyggðar 110

L213457 í Hrunamannahreppi vegna endurbyggingar Auðholts- og Langholtsveggar.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun vegsvæðisins skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. febrúar s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. febrúar

27. Fundargerð 212. fundar skipulagsnefndar frá 24. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 212. fundar skipulagsnefndar frá 24. febrúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 24. Langholtsvegur: Heiðarbyggð, Syðra Langholt, framkvæmdaleyfi.

Lögð er fram umsókn frá Vegagerðinni er varðar framkvæmdaleyfi í Hrunamannahreppi. Í framkvæmdinni felst endurbygging og nýbygging Langholtsveggar (341-01) og Auðsholtsveggar (340-01) frá Heiðarbyggð að Syðra-Langholti 6, á milli klæðningarenda. Verkið er að stærstum hluta lagfæring á núverandi vegi. Á litlum hluta leiðarinnar (tæplega 0,4 km) verða tvær beygjur gerðar mýkri og víkur þá vegurinn út frá núverandi vegi á þeim stöðum. Samið hefur verið við landeigendur sem eiga land að vegi á kaflanum sem um ræðir.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli heimilda aðalskipulags Hrunamannahrepps og 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga er varðar grenndarkynningu framkvæmdaleyfis. Nefndin telur ekki þörf á grenndarkynningu þar sem samið hefur verið við landeigendur á svæðinu vegna framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda aðalskipulags Hrunamannahrepps og 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga er varðar grenndarkynningu framkvæmdaleyfis og telur ekki þörf á grenndarkynningu þar sem samið hefur verið við landeigendur á svæðinu vegna framkvæmdarinnar.

Mál nr. 25. Birkibbyggð: Gröf, göngustígur, deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi Birkibbyggðar í Hrunamannahreppi eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst að skilgreindur er göngustígur um lóð 4 innan Birkibbyggðar. Málið var samþykkt á 209. fundi skipulagsnefndar til málsmeðferðar á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Athugasemdir og fyrirspurnir bærust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum umsækjanda.

Skipulagsnefnd telur að umrædd skipulagsbreyting muni ekki hafa þau óæskilegu áhrif sem fram koma innan athugasemdar er varðar aukna umferð og skerðingu á dreni lóðar Birkibbyggðar 6. Umsækjandi gerir ráð fyrir því að sett verði brú yfir umræddan skurð, sem liggur alfarið innan lóðar Birkibbyggðar 4, og muni því framkvæmdin ekki hafa áhrif á drenun lóðarinnar umfram það sem fyrir er. Umsóttur göngustígur liggur alfarið á lóð Birkibbyggðar 4 og tengir aðliggjandi opið svæði betur við byggðina. Nefndin telur ekki að bætt aðgengi lóða að aðliggjandi útivistarsvæðum muni skerða verðmæti eigna innan svæðisins eða að umferðarþungi um göngustíginn verði svo mikill að verulegt ónæði hljóttist af umfram það sem fyrir er innan svæðisins. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagsbreyting verði samþykkt eftir kynningu og taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Þeim sem athugasemdir gerðu verði tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar og kynntir kærufrestir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að umrædd skipulagsbreyting muni ekki hafa þau óæskilegu áhrif sem fram koma innan athugasemdar er varðar aukna umferð og skerðingu á dreni lóðar Birkibbyggðar 6. Umsækjandi gerir ráð fyrir því að sett verði brú yfir umræddan skurð, sem liggur alfarið innan lóðar Birkibbyggðar 4, og muni því framkvæmdin

ekki hafa áhrif á drenun lóðarinnar umfram það sem fyrir er. Umsóttur göngustígur liggur alfarið á lóð Birkibýggðar 4 og tengir aðliggjandi opið svæði betur við byggðina. Sveitarstjórn telur ekki að bætt aðgengi lóða að aðliggjandi útivistarsvæðum muni skerða verðmæti eigna innan svæðisins eða að umferðarþungi um göngustíginn verði svo mikill að verulegt ónæði hljóti af umfram það sem fyrir er innan svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagsbreytinguna eftir kynningu sem tæki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og að þeim sem athugasemdir gerðu verði tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar og kynntir kærufrestir.

Mál nr. 26. Álftabyggð: Efra-sel, leikvöllur, göngustígur, deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi Álftabyggðar í Hrunamannahreppi eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst að skilgreindur er göngustígur um opið svæði innan Álftabyggðar. Málið var samþykkt á 209. fundi skipulagsnefndar til málsmeðferðar á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið verði samþykkt og að skipulagsbreytingin tæki gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda. Athugasemdir sem bárust vegna göngustígsins snúa að aðliggjandi deiliskipulagi Birkibýggðar.

Ítrekaðar ábendingar/athugasemdir bárust frá lóðarhafa innan Álftabyggðar fyrir fund sveitarstjórnar er varðar staðsetningu stígsins, breidd hans, kröfu um að það þurfi að vera stigar við enda stígsins og að hugsanleg akandi umferð á stígnum muni hafa slæm áhrif á svæðið. Sveitarstjórn telur að umrædd skipulagsbreyting muni ekki hafa þau óæskilegu áhrif sem fram koma innan athugasemdar er varðar aukna umferð vélknúinna ökutækja um svæðið. Sveitarstjórn telur að innan skipulagsbreytingar komi skýrt fram að um göngustíg fyrir gangandi umferð sé að ræða. Lagt er til að umferð vélknúinna ökutækja verði bönnuð á stígnum. Sveitarstjórn telur þó að slíkur stígur eigi ekki síður að geta þjónað hjólandi umferð um svæðið og því sé ekki forsvaranlegt að loka honum með stígum. Samkvæmt svörum málsaðila er gert ráð fyrir gróðursetningu aspa við stíginn. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að fara fram á að stígurinn verði færður upp að landamerkjum til austurs innan deiliskipulagsbreytingar. Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að takmarka breidd stígsins við 1 meter.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir deiliskipulagsbreytinguna eftir kynningu og mælist til þess að hún tæki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Þeim sem athugasemdir gerðu verði tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar og kynntir kærufrestir.

Mál nr. 30. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. febrúar s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. febrúar

28. NOS: Fundargerð stjórnar frá 4. febrúar s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar frá 4. febrúar. Þar var farið yfir helstu verkefni þjónustunnar, farið yfir málefni persónuverndarfulltrúa, rædd heimasíða SVÁ, samþykktir endurskoðaðar, farið yfir starfsmannamál, úttekt á SVÁ og önnur mál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál:

29. Yfirdráttarheimild. Framlenging.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við Arionbanka að yfirdráttarheimild á tékkareikningi sveitarfélagsins að upphæð allt að kr. 40.000.000 sem rennur út í lok mars verði framlengd til eins árs og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu og stýra svo upphæð heimildarinnar eftir fjárbörf sveitarfélagsins hverju sinni innan ofangreinds upphæðarramma.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Bergrisinn bs. Fundargerð stjórnar frá 26. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 567. fundar stjórnar frá 5. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **Héraðsnefnd Árnesinga bs: Fundargerð 29. undar framkvæmdastjórnar frá 16. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð bygginganefndar frá frá 9. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. **Velferðarþjónusta Árnespings: Uppgjör 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 893. fundar stjórnar frá 16. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 894. fundar stjórnar frá 29. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Æskulýðsnefnd Hestamannafélaganna Loga og Smára: Ársskýrsla 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Skipulagsstofnun: Deiliskipulag fyrir Frægðarver, Rofshóla, Heiðará, Helgaskála, Fosslæk, Leppistungur, Miklöldubotna og svínárnes, Hrunamannahreppi.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **UTU bs.: Afgreiðsla Berghylur, stofnun lóðar undir vatnsgeymi**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Verkís: Fundargerð fundar vegna sameiginlegrar vatnsveitu Uppsveita frá 16. febrúar n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 44. fundar stjórnar frá 29. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **UTU bs: Uppgjör 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Heilsueflandi samfélag: Uppgjör 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Ferðamálafulltrúi uppsveitanna: Uppgjör 2020**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- q. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing 26. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40.